

6. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 12. janúar 2023 og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Gerður Rán Freysdóttir (GRF), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ), Birgitta Guðmundsdóttir (BG) og Thelma Dögg Theodórsdóttir (TDT).

Fundargerð ritaði: Jóhann Örn Hreiðarsson, formaður

Formaður kannaði hvort að athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Svo var ekki og telst því 6. fundur fræðslunefndar lögmætur.

Rúna Sif Rafnsdóttir, áheyrnafulltrúi foreldra grunnskólabarna, boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Breyting á skóladagatali - tilfærsla á starfsdögum - 2301010

Lögð fram tillaga að breytingu á skóladagatali vegna tilfærslu á starfsdögum. Starfsdagur grunnskóla sem á að vera á dagskrá 2. maí færist til föstudagsins 14. apríl vegna ráðstefnu Ásgarðs um skólamáls. Starfsdagur leikskóla helst óbreyttur og yrði enn samkvæmt skóladagatali þann 2. maí.

Fræðslunefnd staðfestir samhljóða framlagða tillögu að breytingu á skóladagatali 2022-2023.

2. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023 - 2208001

Skólastjóri lagði fram minnisblað um stöðu ýmissa verkefna hjá Tálknafjarðarskóla.

Fram kom fyrirspurn um stöðu á þurrksskáp á leikskóla sem er æskilegt að endurnýja. Málið er í skoðun hjá skólastjórnendum, en plássleysi hefur tafið málið.

Skólastjóra þakkað góð og upplýsandi yfirferð.

3. Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2023-2024 - 2212668

Erindi frá Námsleyfasjóði dags. 08.12.2022 þar sem tilýnt er um úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2023-2024

Lagt fram.

4. Ytra mat á leikskólum árið 2023 - 2210324

Erindi frá Menntamálastofnun dags. 15.12.2022 þar sem fram kemur að ekki hafi reynst unnt að verða við umsókn Tálknafjarðarhrepps um ytra mat á leikskóla.

Lagt fram og rætt.

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps telur mikilvægt að ytra mat á leikskólastarfi Tálknafjarðarskóla fari fram. Því er mikilvægt að sótt verði um að ytra mat verði framkvæmt á næsta skólaári og vonar nefndin að beiðni þess efnis fá jákvæða afgreiðslu í

6. fundur
26.01.2023

það skiptið.

5. Ytra mat á skólastarfi - 2212729

Erindi frá Getu dags. 27.12.2022 þar sem fyrirtækið kynnir þjónustu sína vegna ytra mats á skólastarfi.

Lagt fram.

6. Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2023 - 2212665

Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2023 samþykkt á 604. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.12.2022.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:17.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Gerður Rán Freysdóttir (GRF)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)

Thelma Dögg Theodórsdóttir (TDT)